

Foreldraráð Núps - Fundargerð

Fundur nr.: 1 – skólaárið 2016/2017.

Staður: Núpalind 3

Dagsetning: 2. nóvember 2016.

Tími: 16.00

Fundarritari: Helga Dóra Magnúsdóttir

Mættir: Sonja Berndsen, Helga Dóra Magnúsdóttir, Tinna Finnsdóttir, Fríða Rúnarsdóttir, Eva Pálsdóttir og Svana Kristinsdóttir leikskólastjóri,

Dagskrá: Verkefni skólaársins.

Á fyrsta fundi foreldraráðs var byrjað að ræða um hvernig starfsemi foreldraráðsins virkar, starfsreglur foreldraráðsins eru á heimasíðu leikskólans og þar eru einnig þessar fundargerðir settar inn sem og hægt er að sjá fundargerðir síðustu ára. Í fataherbergjum allra deilda er kassi þar sem foreldrar geta sett inn ábendingar og athugasemdir sem foreldraráð tekur fyrir á fundum sínum. Benda þarf foreldrum á þessa kassa sem og að benda þeim á að ræða við leikskólastjóra/deildarstjóra ef upp koma spurningar eða annað sem foreldrar vilja koma á framfæri

Rætt var um nýja starfsáætlun leikskólans, sem Svana ætlar að senda okkur til yfirlestrar og samþykktar.

Starfsmannamál leikskólans rædd. Svana talar um að ráðningar hafa gengið ágætlega í haust. Einn starfsmaður er í veikindaleyfi og ekki er vitað hvenær hann kemur til baka. Í október voru ráðnir inn tveir starfsmenn og einnig er verið að auglýsa eftir starfsmanni í afleysingar.

Rætt var um samræðulestur, Hrafnhildur Steinþórsdóttir leikskólasérkennari í leikskólanum Arnarsmára verður með fyrirlestur um samræðulestur þann 9. nóvember í Lindaskóla og Núpi er boðið að vera með leikskólanum Dal á þessum fyrirlestri. Ákveðið var að þiggja það boð og mun foreldrafélagið bjóða foreldrum og starfsfólki leikskólans að mæta á fyrirlesturinn.

Annað mál sem rætt var á fundinum var um kynningar á starfsfólki, að kennarar kynni sig fyrir foreldrum og kynni nýja starfsmenn þegar foreldrar koma með eða sækja börnin. Svana talaði um að setja inn kynningu á starfsmönnum á facebook síðu leikskólans og var tekið vel í það. Einnig var bent á að myndir eru af starfsmönnum leikskólans í fatahengi allra deilda.

Í lok fundar var ákveðið að hittast aftur í janúar, talað um fyrsta/annan miðvikudag, annan hvern mánuð sem yrði þá 4. eða 11. janúar 2017.

Fundi lauk kl. 17:15